



RANNSÓKNARSTOFNUN  
KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS

# **Mat á starfi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði**

**Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið**

**Steinunn Helga Lárusdóttir  
Bryndís Garðarsdóttir**

**Desember 2003**

## Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði. Matið tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli Rannsóknarstofnunar KHÍ og menntamálaráðuneytis í september 2003. Á grundvelli hans var kannað hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár leikskóla.

Af niðurstöðum matsins má ráða að vel er staðið að mörgum þáttum í starfi og stjórnun leikskólans. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með það starf sem fram fer í leikskólanum og samstarfið við starfsfólk. Leikskólastjóri leggur alúð í starfið og starfsmenn eru sáttir við sinn vinnustað og vinnufélagana. Þau meginatriði sem stjórnendur og starfsmenn segjast leggja áherslu á, umhverfið, náttúran og skapandi starf, birtast með skýrum hætti í starfinu. Veikustu þættirnir eru vinnuaðstaða starfsmanna, stjórnskipulag skólans og hversu fáir leikskólakennarar starfa við skólann.

## Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði. Matið var unnið á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands fyrir menntamálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Steinunn Helga Lárusdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, lektorar við Kennaraháskóla Íslands. Ráðgjafi við verkið var Arna H. Jónsdóttir og er henni þakkað fyrir góð ráð og ábendingar. Ingunn Ásdísardóttir las lokahandrit.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki og foreldrum barna í Lyngholti fyrir ánægjulegt samstarf. Sérstakar þakkir fær leikskólastjóri fyrir góðar móttökur og hjálpssemi við gagnaöflun meðan á verkinu stóð.

Reykjavík desember 2003

Steinunn Helga Lárusdóttir

Bryndís Garðarsdóttir

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>2</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
Gagnaöflun.....	5
<b>Aðstaða og búnaður</b> .....	<b>6</b>
Umhverfi leikskólans og útileiksvæði.....	6
Húsnæði, inniaðstaða og leiksvæði .....	6
Kennslugögn .....	7
Vinnuaðstaða starfsmanna.....	7
Samantekt og mat.....	8
<b>Stjórnunarhættir</b> .....	<b>8</b>
Starfsmannahald.....	8
Fjöldi starfsmanna og stöðugildi .....	8
Menntun og reynsla starfsmanna.....	9
Fundir og boðskipti .....	9
Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna .....	9
Starfsmannastefna .....	10
Samantekt og mat.....	10
<b>Uppeldis- og menntastarfið</b> .....	<b>10</b>
Ytri rammi leikskólastarfsins - Dagskipulag.....	10
Börnin, fjöldi og skipting á deildir .....	11
Innra starfið, Aðalnámsskrá, námssvið og námshættir .....	12
Umbóstastarf (svo sem þróunarverkefni).....	15
Innra mat .....	15
Samantekt og mat.....	15
<b>Skráð gögn um leikskólastarfið</b> .....	<b>16</b>
Skólaámskrá .....	16
Önnur skráð gögn.....	17
Samantekt og mat.....	17
<b>Samskipti</b> .....	<b>17</b>
Samskipti milli barna og milli barna og starfsfólks.....	18
Samskipti milli starfsfólks.....	18
Samskipti við foreldra .....	18
Aðrir samstarfsaðilar .....	19
Samantekt og mat.....	19
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>19</b>
<b>Tillögur til umbóta</b> .....	<b>20</b>
Dagskipulagið .....	20
Fundir .....	21
Starfsmannastjórnun.....	21
Stjórnskipulag .....	21
Skólanámsskrá .....	21
Framtíðarsýn .....	22
Mat á leikskólastarfinu .....	22
<b>Lokaorð</b> .....	<b>23</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>24</b>
Önnur skrifleg gögn sem stuðst var við: .....	24
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>25</b>

## Inngangur

Leikskólinn Lyngholt tók til starfa árið 1984 en var vígður árið 1985. Leikskólinn er nú að Heiðarvegi 5 á Reyðarfirði en starfsemin á sér 40 ára sögu á ýmsum stöðum í þorpinu. Rekstraraðili leikskólans er Fjarðarbyggð og fer fræðslunefnd með málefni leikskólans ásamt forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs. Leikskólastjóri er Lísa Björk Bragadóttir. Í leikskólanum eru nú 46 börn á tveim deildum, Suðurdeild með 28 börn og Norðurdeild með 18 börn. Suður- og Norðurdeild er skipt í fjóra hópa sem bera nöfnin Asparholt, Birkiholt, Furuholt og Greniholt. Stöðugildi á deildum eru 8,4, þar af er stuðningsfulltrúi í 75% starfi. Einn starfsmaður í 68,75% starfi er í eldhúsi og annar starfsmaður í 50% starfi sér um ræstingar. Í heild starfa 12 starfsmenn við skólann í 9,5 stöðugildum.

Húsnæðið í Lyngholti er hlýlegt en þröngt, einkum vinnuaðstaða starfsmanna utan deilda. Útileiksvæðið er rúmgott en á ýmsan hátt óhentugt, einkum fyrir yngri börnin. Opnunartími er frá kl. 7:45-17:15 virka daga.

Starfsmenn segjast leggja megináherslu á skapandi starf, umhverfið og náttúruna og að börnunum líði vel. Þeir segjast vilja skila af sér sjálfstæðum, sjálfbjarga börnum sem beri virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu. Allra þessara þátta gætir í starfseminni.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í september 2003 kemur fram að matinu sé ætlað að leiða í ljós hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og *Aðalnámskrá leikskóla*. Meðal atriða sem matið skyldi beinast að eru stjórnun og rekstur, samskipti og samstarf, aðstaða og búnaður og innra starf.

## Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Tekið var einstaklingsviðtal við leikskólastjóra, rætt við deildarstjórana tvo saman, tvo hópa starfsmanna, samtals sjö manns og þrjá fulltrúa foreldra. Hvert viðtal stóð að jafnaði yfir í 1 – 1 ½ klukkustund. Fylgst var með starfinu inni á deildum. Skráðar upplýsingar á borð við stundaskrár, skólanámskrá, mánaðaráætlanir, ársáætlun, skráningu dagsins og fréttir til foreldra voru skoðaðar og greindar.

Skýrslan hefst á umfjöllun um aðbúnað og aðstöðu, því næst er fjallað um stjórnunarhætti, uppeldis- og menntastarfið og samskipti. Skýrslan endar á niðurstöðukafla og nokkrum ábendingum til úrbóta. Í lok hvers kafla er stutt samantekt og mat.

## **Aðstaða og búnaður**

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans Lyngholts í heimsóknum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana og viðtala við starfsfólk og foreldra.

### **Umhverfi leikskólans og útileiksvæði**

Svæðið í kringum leikskólann, garður og leikaðstaða barnanna er 3015 fm. en liggur nánast allt í halla. Þetta veldur því að þegar hitastig fer niður fyrir frostmark eru grasflatirnar oft ísi lagðar. Nýting þessa svæðis er því að mestu leyti takmörkuð við þann árstíma sem jörð er auð. Starfsmenn telja aðstaður á útileiksvæði lélegar og segja að það hamli nokkuð starfinu. Umhverfi barnanna á þeirra heimaslóðum á Reyðarfirði er á hinn bóginn mikið notað sem vettvangur fyrir náttúruskoðun og efniviður í þemavinnu.

### **Húsnæði, inniaðstaða og leiksvæði**

Í reglugerð um leikskóla (nr. 365/2001) er kveðið á um að húskipan skuli miðast við að mögulegt sé að starfa í samræmi við námssvið í Aðalnámskrá leikskóla. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um leikskóla (nr. 225/1995, 365/2001) og áherslum í Aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a.: „Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:12-13).

Húsnæði leikskólans Lyngholts er samtals 279 fm. Norðanmegin í húsinu er kaffistofa starfsmanna, eldhús, klósett, forstofa og skrifstofa leikskólastjóra. Sunnanmegin eftir endilöngu húsinu er leiksvæði barnanna, deildirnar tvær til endanna og salur í miðrymi og er hann nýttur til íþróttá, frjáls leiks, listastarfs og söngfunda.

Leikrými er samtals 213 fm. Hver deild hefur til umráða tvær leikstofur, fatahengi, anddyri og snyrtingu og yfir rými annarrar deildarinnar er leikloft. Leikskólastjóri telur húsnæðið einn helsta veikleika leikskólans og nefnir þar sérstaklega það mikla gegnumstreymi sem óhjákvæmilega sé í gegnum sal í miðrými skólans. Undir þetta taka aðrir starfsmenn leikskólans og foreldrar.

Veggir og gluggar sameiginlegs rýmis eru myndskreyttir með verkum barnanna, m.a. afrakstri þemavinnu þeirra um fjöruna sem unnið var á þessu hausti. Myndirnar eru skemmtilegar en fremur hátt uppi á veggjum þannig að óvíst er hvort börnin, einkum þau minnstu, njóta þeirra.

Í apríl á næsta ári verða viðbygging og breytingar á núverandi húsnæði boðnar út og er áætlað að framkvæmdum verði lokið vorið 2005. Eftir stækkun verður leikskólinn 644 fm. og tvær deildir bætast við. Til viðbótar er gert ráð fyrir margvíslegri annarri aðstöðu svo sem stærra eldhúsi, viðtalsherbergi og skrifstofum. Lóðin verður einnig stækkuð og þá gert ráð fyrir sérstakri lóð fyrir yngri börnin.

## **Kennslugögn**

Í Lyngholti er ekki mikið af hefðbundnum leikföngum en meira um ýmiss konar efnivið sem nýttur er til leiks svo sem spýtur og smíðaáhöld, margvíslegur endurnýtanlegur efniviður, litir og efni sem börnin finna úti í náttúrunni. Í þemakössum eru hlutir sem sinnt hafa sínum hlutverkum inni á heimilum barnanna og eru nú efniviður til leikja, svo sem fatnaður og hárgreiðsludót sem m.a. nýtist til hlutverkaleikja. Starfsmenn telja þetta vera í anda þeirrar áherslu sem lögð er á náttúru, umhverfi og endurvinnslu og undir þetta taka þeir foreldrar sem rætt var við.

## **Vinnuaðstaða starfsmanna**

Vinnuaðstaða leikskólastjóra er 8 fm. Starfsmenn ráða yfir öðrum 8 fm. og gegnir það rými öllu í senn, hlutverki kaffistofu, vinnuaðstöðu og fundaherbergis. Starfsmaður í mötuneyti þar sem matreiddar eru heitar máltíðir dag hvern hefur einnig átta fm. til umráða.

## **Samantekt og mat**

Húsnæðið er hlýlegt og bjart en þröngt þótt það uppfylli ákvæði laga um rými (Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995, 2. gr.). Aðstöðu starfsmanna til funda, undirbúnings og hvíldar telja skýrsluhöfundar á hinn bóginn óviðunandi. Í skólanámskrá og í máli starfsmanna kemur fram að ekki sé lögð áhersla á leikföng heldur efnivið til skapandi starfa. Það er eigi að síður mat skýrsluhöfunda að leikföng, einkum yngri barnanna, séu afar lúin. Þetta hentar illa ungum börnun enda eru þau háð því að hlutir séu í sínu upprunalega horfi til þess að geta notið þeirra. Sömu sögu er að segja um útileiksvæðið, það hæfir ungum börnum illa enda var ekki gert ráð fyrir yngri börnum en tveggja ára við hönnun hans. Loks virðist sem gleymst hafi að taka verðurfar með í reikninginn við hönnun þess.

## **Stjórnunarhættir**

### **Starfsmannahald**

Í viðtölum við leikskólastjóra, starfsmenn og deildarstjóra var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fundi, boðskipti og verkaskiptingu. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem fram komu í þessum viðtölum svo og þeim skriflegu gögnum um leikskólann sem skýrsluhöfundar hafa undir höndum.

### **Fjöldi starfsmanna og stöðugildi**

Samkvæmt skráðum gögnum um leikskólann eru stöðugildi starfsmanna á deildum samtals 8,4. Önnur stöðugildi eru eftirfarandi:

- Leikskólastjóri í 87,5% starfi
- Starfsmaður í eldhúsi í 68,75% starfi
- Starfsmaður í 50% starfi við ræstingar

Heildarstarfsmannafjöldi við skólann í október 2003 er tólf, í 9,5 stöðugildum.



## **Menntun og reynsla starfsmanna**

Leikskólastjóri er Lís Þörk Bragadóttir og er hún núna í 87,5% starfi en mun að öllum líkindum (viðtalið er tekið í byrjun nóvember 2003) fara í 100% starf, eftir áramót. Lís Þörk er leikskólakennari að mennt.

Tveir deildarstjórar starfa við skólann, báðir í 100% starfi og hafa þeir jafnframt umsjón með sitt hvoru holtinu, annars vegar Furuholti og hins vegar Asparholti. Annar þeirra er leikskólakennari en hinn leiðbeinandi. Báðir deildarstjórnir hafa langan starfsaldur við skólann, leikskólakennarinn hefur starfað við skólann frá stofnun hans, en leiðbeinandinn í 25 ár. Íþróttakennari sem jafnframt er leikskólakennari starfar einnig við skólann.

Starfsmaður sem lýkur leikskólakennaranámi í vor hefur nýlega verið ráðinn aðstoðarleikskólastjóri. Hann mun jafnframt sjá um sérkennslu. Einn starfsmaður til viðbótar er í leikskólakennaranámi við Kennaraháskóla Íslands og lýkur hann námi eftir 1 ½ ár. Hann ber nú starfsheitið aðstoðarleikskólakennari. Leikskólastjóri telur vera festu í starfsmannahaldi.

## **Fundir og boðskipti**

Í samtali við leikskólastjóra Lyngholts kemur fram að haldnir séu deildarstjórafundir en þeir séu hvorki formlegir né haldnir reglulega. Aðspurð um ástæðuna kveður leikskólastjóri meginástæðuna þá að starfsmenn þekkist vel og samskipti þeirra séu góð en telur eigi að síður að þessum fundum þurfi að koma í fastari farveg. Deildarstjórar Lyngholts staðfesta orð leikskólastjóra um að deildarstjórafundir séu haldnir óreglulega. Deildarfundir og starfsmannafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega.

## **Verkaskipting stjórnenda og starfsmanna**

Leikskólastjóri segist skipuleggja starfið í samráði við deildarstjóra. Þeir vinni því næst grófar áætlanir fyrir mánuðinn og vikustundaskrár sem loks séu útfærðar nánar af hópstjórum með tilliti til þarfa hvers hóps.

Aðspurð um eigið starf þá finnst leikskólastjóra pappírsvinna hafa aukist mikið á síðustu árum. Ábyrgð leikskólastjóra hafi einnig farið vaxandi t.d. við gerð

fjárhagsáætlunar. Loks kalli nýtt verkefni, símenntunaráætlanir, á mikla vinnu við þarfagreiningu með hliðsjón bæði af þörfum einstakra starfsmanna og leikskólans í heild.

### **Starfsmannastefna**

Á blaðsíðu 34 undir lið 7.2 í skólanámskrá leikskólans Lyngholts er starfsmannastefna leikskólans skráð. Textinn hefst á feitlettraðri yfirlýsingu þar sem segir að í Lyngholti „viljum við hafa hæft, áhugasamt og traust starfsfólk sem sýnir börnum og foreldrum hlýtt viðmót“. Á eftir fylgir upptalning átta atriða sem talið er mikilvægt að starfsmenn skólans leggi áherslu á. Meðal atriða sem þar er minnst á eru virðing og umburðarlyndi, virk hlustun, ábyrgð starfsmanna á því að afla sér símenntunar og mikilvægi stundvísi.

Að sögn leikskólastjóra var starfsmannastefnan unnin árið 1999 og tóku allir starfsmenn leikskólans þátt í þeirri vinnu. Stefnan var endurskoðuð af öllum hópnum í nóvember á þessu ári.

### **Samantekt og mat**

Það er mat skýrsluhöfunda að óheppilegt sé að hafa ekki reglu á deildarstjórafundum og telja þeir að slíkt geti m.a. hindrað samfellu í skólastarfinu. Einnig telja skýrsluhöfundar að mikilvægt sé að endurskoða núverandi verkaskiptingu með það í huga að styrkleikar einstakra starfsmanna njóti sín til fulls (sjá nánar í *Tillögur til umbóta*).

## **Uppeldis- og menntastarfið**

Leitast var við að afla upplýsinga um það uppeldis- og menntastarf sem fram fer í Lyngholti með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum. Verður nú vikið stuttlega að þessum atriðum og byrjað á dagskipulaginu.

### **Ytri rammi leikskólastarfsins - Dagskipulag**

Dagskipulagið er rammi utan um daglegar venjur, svefn, matar- og kaffitíma, frjálsan leik og útivist. Hér á eftir fylgir dagskipulag fyrir eina deild Lyngholts.

**Tafla 1***Dagskipulag í Greniholti haustið 2003*

7 45 – 8 00	Húsið opnað
8 00 – 8 30	Samverustund
8 30 – 9 00	Morgunmatur
9 00 – 10 00	Hópastarf/útivist
10 00 – 10 30	Söngfundur
10 30 – 11 30	Útivist/hópastarf
11 30 – 12 15	Útivist/hádegismatur
12 00 – 13 00	Hvöld
13 00 – 14 00	Hópastarf/hvöld
14 00 – 15 00	Útivist
15 00 – 15 40	Nónhressing
15 40 – 16 00	Söngfundur
16 00 – 16 30	Frjáls leikur
16 30 – 17 15	Samverustund/húsinu lokað

Eins og sjá má í töflu 1 er dagskipulagið í Lyngholti nákvæmt. Í samtölum við starfsmenn leikskólans kom fram að þeir telja dagskipulagið mikilvægan ramma utan um innra starfið. Á hinn bóginn telja þeir flestir að skipulagið sé í stífasta lagi og setji starfinu óþarfa skorður. Ein þeirra segir að það sé „svolítið hratt“, stjórnist of mikið af klukkunni. Önnur telur að það sé „svolítið knappt“ og segir að sér finnist þetta „stundum stressandi“, reynt sé að halda skipulaginu m.a. til þess að raska ekki kaffitíma starfsmanna. Loks nefna þær að húsnæðisþrengslin kalli á stíft skipulag.

Leikskólastjóri telur að þótt dagskipulagið sé nákvæmt þá sé það ekki svo niðurnjörvað að það hamli uppeldisstarfinu og starfsmenn viti að út frá því megi víkja. Það er mat leikskólastjórans að nægilegur sveigjanleiki sé fyrir hendi innan skipulagsins.

**Börnin, fjöldi og skipting á deildir**

Skrá yfir börnin í Lyngholti fylgir hér með í töfluformi. Þar kemur fram dagleg viðvera barnanna, greind eftir fæðingarári og kyni.

**Tafla 2** Börn í Lyngholti haustið 2003

Viðverutími í klukkustundum								
Fæðingarár	Kyn	4	5	6	7	8	9	Samtals
1998	Drengir	1	1		1	1		4
1998	Stúlkur	3	1	1	1		1	7
1999	Drengir		1	2	1	2		6
1999	Stúlkur			2				2
2000	Drengir	2		1	1	1	2	7
2000	Stúlkur	3	2	1		1		7
2001	Drengir			1	1			2
2001	Stúlkur	1	1	1		1	1	5
2002	Drengir	2	4					6
2002	Stúlkur				1	1		2
<b>Samtals</b>		12	10	9	6	7	4	48

Samkvæmt þessari töflu er daglegur viðverutími barnanna á bilinu 4-9 stundir en flest börnin eru 4-5 tíma á dag.

### **Innra starfið, Aðalnámsskrá, námssvið og námsþættir**

Aðspurð kveðst leikskólastjóri ekki vera hlynnt því að einni ákveðinni stefnu sé fylgt í starfinu, en hún og starfsmenn vilji nýta sér hugmyndir víða að svo sem úr *Hjallastefnu* og *Waldorf* stefnunni. Helstu áhersluatriði segir hún vera umhverfismennt og endurvinnslu og bendir á að börnin vinni fremur með margvíslegan og oft endurnýttan, efnivið en tilbúin leikföng. Af atriðum Aðalnámsskrár sem unnið sé með nefnir hún virðingu, umhverfi, samkennd, hrós og jákvæða styrkingu, atferlismótun, góðar fyrirmyndir og gleði. Leikskólastjórinn kveðst vilja að markmiðin sjáist í verki og áhugasvið barnanna fái að ráða. Loks segist leikskólastjóri vilja ná þeim árangri að börnin hafi sjálfstraust, séu glöð, öguð og hamingjusöm þegar þau yfirgefa Lyngholt.

Deildarstjórar segja lykilatriðin í starfinu snúast um samskipti, sjálfstæði og gleði. Hrós sé mikið notað ásamt atferlismótun sem þó sé aðeins stuðst við í erfiðustu tilvikunum og þá í samstarfi við foreldra. Þeir telja að unnið sé með öll námssvið aðalnámsskrár, en sérstök áhersla lögð á skapandi starf. Oft séu valin þemu úr

umhverfinu svo sem *lækurinn* og *fjaran*. Í fjöruverkefninu voru börnin spurð fyrirfram um það hvað þau byggjust við að finna í fjörunni, skoðaðar voru bækur um efnið, sungið um það og farið með kvæði. Loks fengu börnin pastelkrítar og þekjulíti til þess að útfæra hugmyndir sínar. Þær nefna einnig hreyfingu, frjálstan leik og söng. Deildarstjórnir telja að yngri börnunum þurfi að stýra talsvert og leggja þeim verkefni í hendur. Þeir taka undir orð leikskólastjóra um að við lok leikskólagöngu fari börnin frá þeim sjálfsörugg og glöð og komi fram af virðingu við börn sem fullorðna.

Á föstudögum er val í samræmi við dagskipulag en þá velja börnin sér svonefnda þemakassa með því að setja nafnið sitt fyrir neðan mynd af viðkomandi kassa. Í kössunum er ýmiss efni viður svo sem greiður, hárbílsarar og rúllur til hársnyrtingar. Valið stendur í eina klukkustund en ef börnin endast ekki svo lengi fá þau t.d. að lita eða líta í bók. Val á sér einnig stað daglega, bæði innan hópstarfsins og einnig eftir hádegismatinn. Á föstudögum er einnig svonefndur *söngfundur* þar sem öll börnin syngja saman lög sem þau velja til skiptis sjálf úr söngbók leikskólans. Aðra daga vikunnar eru söngfundir í minni hópum.

Í hópstarfi segjast deildarstjórnir leggja áherslu á skapandi vinnu, svo sem málun og litun. Þar fer einnig fram frjálstur leikur og þá vinna börnin sjaldnast öll samtímis með það viðfangsefni sem hópstjórinn leggur fram. Þess í stað velja börnin sér leikefni og koma svo ef þau hafa áhuga þegar hópstjórinn kallar í þau. Loks er sérstakur skólahópur fyrir elstu börnin sem hittist tvisvar í viku.

Aðspurðar um megináherslur annars vegar meðal yngri og hins vegar eldri barna segja deildarstjórnar mörg viðfangsefni vera hin sömu en í einfaldari útfærslum hjá yngri börnunum. Þó nefna þeir sem dæmi að með yngri börnunum sé lögð megináhersla á frjálstan leik en með þeim eldri sé t.d. boðið upp á áður nefnd viðfangsefni um fjöruna og lækinn.

Undir þetta taka aðrir starfsmenn sem benda jafnframt á að viðfangsefni af þessu tagi séu oft útfærð á mismunandi vegu og í óhefðbundinn efni við svo sem líti, kalda búðinga, tóma kassa og blöðrur. Þeir segjast einnig leitast við að veita börnunum sem flest tækifæri til þess að hreyfa sig bæði í gönguferðum og íþróttum. Þeir segja að vellíðan barnanna sé í fyrirrúmi, þau séu hvött til þess að leika sér hvert við annað og séu markvisst studd til þess að leysa ágreining sín á milli. Þetta sé gert með því að spyrja þau

spurninga sem leiði þau í átt til lausnar. Einnig hafi *vináttan* verið tekin fyrir í sérstöku þemaverkefni.

Með yngri börnunum segjast þeir leggja megináherslu á að gera þau sjálfbjarga við daglegar athafnir eins og að klæða sig og við borðhald. Sem dæmi nefna þeir að börnin séu hvött til þess að skammta sér matinn sjálf og með þeim hætti sé ýtt undir sjálfstæði þeirra. Starfsmenn eru sammála deildarstjórum um að reynt sé að sinna öllum námssviðum Aðalnámskrár.

Meginatriði í máli leikskólastjóra, deildarstjóra og annarra starfsmanna má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Að tryggja að börnunum líði vel og séu örugg
- Að styrkja einstaklinginn og gera hann sjálfbjarga og sjálfstæðan
- Að vinna með samskipti
- Að efla skilning barnanna á mikilvægi náttúruverndar og endurvinnslu
- Að gefa börnunum tækifæri til sköpunar

Foreldrar taka undir þessar áherslur og nefna sérstaklega að skapandi starf í Lyngholti sé mjög öflugt og greinilegt að áhersla sé lögð á samskipti því börnin séu áberandi kurteis.

Sumar áherslur Aðalnámskrár og skólanámskrár leikskólans birtast mjög sterkt í starfinu. Dæmi um slíka endurspeglun eru liðir 3.3. *Myndsköpun og annað skapandi starf* og liður 3.5. *Náttúra og umhverfi*. Þessir námsþættir skila sér vel frá Aðalnámskrá til skólanámskrár og eru sýnilegir í þeim viðfangsefnum sem börnin takast á við á vettvangi.

## **Umbótastarf (svo sem þróunarverkefni)**

*Árið 2000 - 2001 hófst þróunarverkefnið *Átak gegn lestrarörðugleikum* og sama ár var hafist handa við umbótaverkefni á sviði umhverfisverndar. Þessu verkefni er nú lokið en eftir er að skila lokaskýrslu. Kennsluráðgjafi á skólaskrifstofu hefur umsjón með þessu verkefni. Ráðgjafi við umhverfisverkefnið er garðyrkjustjórinn á svæðinu. Markmiðið með því er m.a. að leikskólinn verði umhverfisvænn og að börn sem fullorðnir átti sig á hvernig heilladrýgst sé að umgangast náttúruna.*

## **Innra mat**

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995, 25. gr.) og í Aðalnámskrá leikskóla (1999: 39-44) kemur fram að leikskólar skuli móta aðferðir til þess að meta starfið.

Í skólanámskrá Lyngholts er vikið nokkrum orðum að innra mati. Þar kemur fram að á starfsmanna- og deildarfundum séu ýmsir þættir starfsins ræddir og metnir. Jafnframt að óformlegt daglegt mat sé sífellt í gangi og að gerð sé könnun meðal foreldra á hverju ári. Engar frekari upplýsingar fylgja um útfærslu matsins og nýtingu þess í starfinu. Loks er upptalning á eyðublöðum og matskvarði sem notað er til þess að meta ákveðna þroskaþætti hjá börnunum.

Aðspurður um innra mat segir leikskólastjóri að ætlunin sé að leggja mat á námssviðin einkum til þess að átta sig á því hvort þeim sé öllum sinnt jafn vel.

## **Samantekt og mat**

Skýrsluhöfundum sýnist sem unnið sé í samræmi við þær áherslur sem fram koma í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn. Börnin virðast örugg með sig, glöð og ánægð. Á söngfundum þar sem allir sátu í hring á gólfinu kom t.d. í ljós hversu vel starfsmenn þekkja börnin og einstaklingsbundnar þarfir þeirra fyrir athygli, hvatningu eða jákvæða ögun. Einnig var greinilegt að starfsmennirnir sem þar voru treysta hverjir öðrum því þeir gripu inn í eftir þörfum, oft án orða. Í söngstund sýndu börnin jafnframt að þau kunna ýmsa söngva og þær hreyfingar sem þeim fylgja. Í matartíma var borðhaldið rólegt og afslappað, börnin voru stillt, borðuðu flest vel og var vel sinnt af starfsmönnum.

Skýrsluhöfundar sáu einnig verk barna sem voru vitnisburður um ákveðin námssvið svo sem náttúru og umhverfi og skapandi útfærslu þeirra viðfangsefna í margvíslegan efnivið. Sömu sögu er að segja um málrækt sem leikskólinn leggur m.a. áherslu á gegnum formlegt þróunarverkefni. Öðrum námssviðum svo sem hreyfingu, tónmennt og menningu og samfélagi er einnig sinnt en í mismiklum mæli.

Á hinn bóginn er það mat skýrsluhöfunda að dagskipulagið sé of stíft og geti hamlað bæði frjálsum leik og skapandi starfi. Einnig er innra mat skammt á veg komið.

## **Skráð gögn um leikskólastarfið**

### **Skólaámskrá**

Skólanámskrá leikskólans Lyngholts ber heitið *Yfir bolt og bæðir* og er nú í fjórðu útgáfu. Í inngangi kemur fram að skólanámskránni sé ætlað að veita foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið og auðvelda nýjum starfsmönnum að átta sig á starfinu.

Á blaðsíðu 17, lið 2.2.1 eru markmið Lyngholts skráð með eftirfarandi hætti:

Við sem erum í Lyngholti:

- Berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum, náttúrunni og umhverfi okkar
- Eflum sjálfstæði okkar með gagnrýnni hugsun, ákvarðanatöku og þátttöku í daglegu starfi.
- Erum skapandi í leik og starfi, hugmyndir hvers og eins eiga að fá að njóta sín
- Erum hjálpsöm og samvinnufús
- Reynum að leysa deilur með friðsamlegum hætti en ekki ofbeldi
- Njótum þess að vera til

Í námskránni er fjallað um ytri aðstæður, námskrá, námssvið, daglegt líf, sögu skólans, samstarf heimilis og leikskólans, mat á leikskólastarfinu, þróunarstarf og öryggismál. Loks er þar að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og umfjöllun um öryggismál.



Í samtölum við starfsmenn kemur fram mismunandi viðhorf þeirra til námskrárinnar. Sumir kannast vel við hana undir nafninu skólanámskrá, en aðrir ekki, nefna hana starfsmannahandbók. Sama máli gegnir um gerð hennar, sumir starfsmenn sögðust hafa tekið þátt í vinnunni við hana, jafnvel að allir hafi lesið allt efnið, en aðrir kannast ekki við þetta. Í máli leikskólastjóra kemur fram að hann telur að skerpa þurfi skólanámskrána með því að útfæra betur leiðirnar sem farnar eru í innra starfi leikskólans.

## **Önnur skráð gögn**

Skýrsluhöfundar fengu í hendur ýmis önnur skráð gögn svo sem árs- mánaðar- og vikuáætlanir, stundaskrár og yfirlit yfir viðfangsefni dagsins sem sett er upp í forstofu til upplýsingar fyrir foreldra. Loks má nefna *Starfsáætlun fyrir skólabóp 2003-2004* og umbótaverkefnið *Ritmálsörvun í Lyngholti*.

## **Samantekt og mat**

Skólanámskrá er ætlað að veita heildaryfirlit yfir starfsemi leikskóla (*Aðalnámskrá leikskóla* 1999:35). Námskráin *Yfir bolt og bæðir* veitir margvíslegar upplýsingar um ytri ramma leikskólastarfsins auk ýmissa hagnýtra upplýsinga. Í umfjöllun um námsþætti er markmiðum og leiðum lýst og í mörgum tilvikum er einnig minnst á námsgögn. Aðra umfjöllun um innra starfið, svo sem þá hugmyndafræði sem starfið hvílir á er þar ekki að finna. Engin umfjöllun er um framtíðarsýn þar sem stjórnendur og starfsmenn gera grein fyrir sýn sinni á skólastarfið. Loks kemur fram mismunandi skilningur starfsmanna á hugtakinu námskrá og ólík upplifun þeirra af þátttöku sinni í vinnu við námskrána.

## **Samskipti**

Skýrsluhöfundar leituðust við að fylgjast með samskiptum í Lyngholti í víðu samhengi og verður nú vikið stuttlega að þeim.

## **Samskipti milli barna og milli barna og starfsfólks**

Samskipti barna í Lyngholti virðast vera átakalítill og vinsamleg. Sama máli gegnir um samskipti barna og starfsfólks sem eru vinsamleg og hlýleg. Börnin hlíta jákvæðum aga, kurteisi er undirstrikuð og sjá mátti þá gagnkvæmu virðingu sem ríkir milli hinna fullorðnu og barnanna. Í viðtali við starfsmenn kom m.a. fram að þeim finnst börnin í Lyngholti afar skemmileg og opin fyrir hverjum þeim nýjungum sem á þeirra borð eru bornar. Sögð var sagan af því hversu vel börnin hefðu tekið því tilboði að gera slökunaræfingar enda hefði eitt barnanna beðið um meira með orðunum „Viltu gera slökun við okkur“.

## **Samskipti milli starfsfólks**

Starfsfólk er sammála um að Lyngholt sé góður vinnustaður. Þar vinni mjög frambærilegt starfsfólk sem sé jákvætt og áhugasamt. Það telur samskiptin létt og stutt „í bros á vör“. Einn segist „ævinlega hlakka til þess að mæta í vinnuna“ enda sé gefandi að fylgjast með börnunum vaxa og dafna. Leikskólastjóri kveður einingu ríkja innan hópsins og starfsmenn nefna sérstaklega hversu auðvelt sé að leita ráða hjá öðrum. Leikskóla-stjóri, deildarstjórar og ekki síst þeir starfsmenn sem eru í leikskólakennaranámi miðli óspart upplýsingum og leiðbeiningum. Deildarstjórar sem aðrir starfsmenn telja sitt verkefni skýrt og segjast almennt vera ánægðir með það en undirstrika jafnframt að starfsmönnum sé veitt mikið svigrúm til þess að útfæra starfið.

## **Samskipti við foreldra**

Foreldrafélag, skipað fimm fulltrúum, starfar við leikskólann Lyngholt. Félagið stendur fyrir ýmiss konar starfsemi svo sem vorferðum og jólatrésskemmtun. Í viðtali við þrjá foreldrafulltrúa kom fram almenn ánægja með starfið í leikskólanum. Þeir sögðust merkja að verið væri að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram og tilgreindu sérstaklega þá áherslu sem lögð væri á skapandi starf, góða samskiptahætti og endurvinnslu. Allir þessir þættir væru mjög áþreifanlegir í starfinu og skiluðu sér heim með börnunum. Meðal kosta leikskólans nefndu þeir að vel væri staðið að aðlögun barnanna, vistunartíminn væri sveigjanlegur og heitur matur í hádeginu.

Foreldrafulltrúar og leikskólastjóri eru sammála um að samstarfið sé gott. Foreldrarnir tilgreina sérstaklega að vel sé staðið að upplýsingamiðlun til þeirra. Leikskólastjóri segir börnin „frábær“ og samvinnu við foreldra góða. Aðspurð um veikleika í Lyngholti nefna þeir aðbúnað barnanna, það er húsnæðisþrengsli.

### **Aðrir samstarfsaðilar**

Leikskólastjóri á samstarf við starfsmenn Skólaskrifstofu og einnig við forstöðumann fræðsluviðs og kveðst mjög ánægð með þeirra samstarf. Aðrir samstarfsaðilar í hinu opinbera kerfi eru forstöðumaður stjórnslu og forstöðumaður framkvæmdasviðs. Leikskólastjóri segir sérfræðiþjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga góða en í þá þjónustu sé mikil ásókn og því biðlistar.

Leikskólastjóri segir að mikið og gott samstarf sé milli leikskólastjóra í Fjarðarbyggð, þ.e.a.s. Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði. Milli þeirra séu uppi áform um að koma samstarfi sínu aftur í formlegt horf t.d. með því að halda mánaðarlega fundi. Á fundum þeirra er m.a. rætt um ýmis mál sem þeir þurfa allir að takast á við svo sem fjárhagsáætlun og innra starfið. Leikskólastjóri kveðst á hinn bóginn sakna þess að hafa ekki einhvern faglegan aðila innan sveitarfélagsins sem hann geti leitað til.

Loks nefnir leikskólastjóri að gott samstarf sé milli leikskólans og grunnskólans á staðnum. Í starfsáætlun fyrir skólahóp 2003-2004 kemur fram að markmið með því starfi sé „að efla hópkennd barnanna og sjálfstæði og undirbúa þau fyrir grunnskólanám þannig að samfella sé í skólagöngu þeirra“.

### **Samantekt og mat**

Samstarf hagsmunaðila leikskólans Lyngholts virðist vera með miklum ágætum, bæði milli barnanna, milli barna og starfsmanna og foreldra og starfsmanna.

### **Niðurstöður**

Skýrsluhöfundar hafa hér að framan gert grein fyrir athugun sinni á því starfi sem fram fer á leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði. Leitast var við að leggja á það mat hvort starfið væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalámskrá leikskóla.

Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að starfið uppfylli í öllum meginatriðum þau lagalegu viðmið sem stuðst var við í matinu. Þetta á við um aðstöðu og búnað, stjórnunarhætti og samskipti. Margt gott má einnig um uppeldis- og menntastarfið segja. Börnunum virðist líða vel, foreldrar eru ánægðir og þau atriði sem starfsmenn segjast leggja megináherslu á, eins og listsköpun og umhverfið, eru vel sýnileg í starfinu. Aðra þætti starfsins svo sem innra mat og skólanámskrá þarf að þróa frekar þannig að hvoru tveggja verði til stuðnings og leiðbeiningar í faglegu starfi skólans. Sama máli gegnir um stjórnskipulag og starfsmannastjórnun.

Í heild er unnið gott starf í Lyngholti og má ætla að starfsmönnum takist það ætlunarverk sitt að skila af sér sjálfstæðum, sjálfbjarga börnum sem beri virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu.

### **Tillögur til umbóta**

Hér að framan hefur verið lagt mat á ýmsa þætti í starfi leikskólans Lyngholts og niðurstöður kynntar. Fram hefur komið að starfið uppfylli í öllum meginatriðum þau lagalegu viðmið sem stuðst var við í matinu.

Í eftirfarandi kafla fjalla skýrsluhöfundar um nokkur atriði sem þeir telja að geti nýst til þess að gera gott starf í Lyngholti enn betra. Sum þeirra eru hin sömu og þegar hefur verið fjallað um í meginefni skýrslunnar en önnur ekki.

### **Dagskipulagið**

Skýrsluhöfundar telja að dagskipulagið sé of stíft og geti hugsanlega hamlað bæði skapandi starfi og frjálsum leik. Hér er því lagt til að skipulagið verði endurskoðað af öllum starfsmönnum og þeir prófi sig áfram í átt til sveigjanlegri útfærslu. Í þeirri endurskoðun verði fyrst og fremst hugað að þörfum barnanna. Sérstaklega verði leitað leiða til þess að efla frjálsan leik barnanna, t.d. með því að auka vægi vals í daglegu starfi. Einnig mætti lengja þann tíma sem börnin geta verið í einhverjum tilteknum leik.

## **Fundir**

Deildarstjórafundir þarf að halda reglulega eins og lög gera ráð fyrir (Lög um leikskóla 1994 nr. 78. 13. gr). Á þessum fundum þarf að leggja meginlínur vegna innra starfsins, skrá þær og koma áfram til frekari útfærslu til allra hópstjóra. Skráningin er mikilvæg enda stuðlar hún að samfelli í starfinu, veitir öryggi og tryggir að ekkert fari á milli mála. Þetta er enn mikilvægara þegar stór hluti starfsmanna hefur ekki leikskólakennaramenntun og þarfnast því þeirrar leiðsagnar sem völ er á bæði munnlega og í rituðu máli.

## **Starfsmannastjórnun**

Leikskólastjóri hefur meðal annars það hlutverk að deila verkefnum og ábyrgð til starfsmanna (Starfslýsingar leikskólakennara, 2002). Ljóst er að í Lyngholti hafa starfsmenn margvíslegt frelsi í faglegu starfi. Valddreifing og faglegt frelsi er á hinn bóginn vandmeðfarið og þá "veldur hver á heldur". Skýrsluhöfundar telja að meðal starfsmanna í Lyngholti séu hæfileikaríkir og áhugasamir einstaklingar sem nauðsynlegt sé að virkja í þágu skólans með markvissari hætti en nú er gert. Sérstaklega þarf að huga að því hvort sérhver starfsmaður er í þeirri stöðu að styrkleikar hans og reynsla nýtist best. Þetta kallar á endurskoðun á núverandi verkaskiptingu innan skólans.

## **Stjórnskipulag**

Á grundvelli áðurnefndrar endurskoðunar telja skýrsluhöfundar mikilvægt að mynda sterkt fagteymi innan leikskólans og skipa það hæfustu starfsmönnum hans, leiðbeinendum sem leikskólakennurum. Þessi hópur yrði nánasti samstarfsaðili leikskólastjóra við mótun faglegs starfs í leikskólanum. Hópurinn mundi hittast reglulega með formlegum hætti og skrá þær ákvarðanir sem teknar yrðu.

## **Skólanámskrá**

Skólanámskrá Lyngholts virðist ekki nýtt með markvissum hætti. Eigi skólanámskráin að nýtast í daglegu starfi þurfa starfsmenn að líta á hana sem sitt verk, sína hugarsmíð. Leikskólastjóri kveður alla starfsmenn hafa komið að síðustu endurskoðun á skólanámskránni. Sú þátttaka virðist þó ekki hafa dugað til þess að starfsmenn séu nú á einu máli um aðild sína að vinnunni. Áður en skólanámskráin verður gefin út í 5. útgáfu er

Þess vegna brýnt að allt starfsfólkið komi að endurskoðun hennar og sérstaklega sé unnið með lykilhugtökin *Aðalnámskrá* annars vegar og *Skólanámskrá* hins vegar. Þessa vinnu þarf að skipuleggja og tryggja að hlutverk og vinnuframlag hvers og eins sé skýrt. Í þessu verki yrði áður nefnt fagteymi leiðandi um inntak og verklag. Á þeim grunni má ætla að skólanámskráin muni með tímanum gegna því hlutverki að vera starfsmönnum sá leiðarvísir um áherslur í innra starfi sem gert er ráð fyrir í *Aðalnámskrá* (*Aðalnámskrá* 1999:34-35).

### **Framtíðarsýn**

Í viðtölum við leikskólastjóra kom fram að hann fylgdi ekki einni tiltekinni stefnu en nýtti sér hugmyndir víða að. Hér er lagt til að leikskólastjóri, ásamt fagteymi og öðrum starfsmönnum, verji tíma til þess að þróa stefnu leikskólans í Lyngholti og þá sýn sem þar er höfð að leiðarljósi. Þar komi einnig fram hvaða árangri starfsmenn vilja ná með börnunum t.d. á sviði umhverfismenntar og listsköpunar og annarra áhersluþátta í starfinu. Um leið og þessi vinna hefur farið fram og skráð í skólanámskrá með skýrari hætti en nú er gert mun sérstaða skólans einnig skerpast.

### **Mat á leikskólastarfinu**

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995, gr. 25) kemur fram að leikskólum beri að móta aðferðir til þess að meta uppeldisstarf sitt. Nauðsynlegt er fyrir starfsfólk leikskólans að leggja mat á alla starfsþætti skólans og að hve miklu leyti tekst að ná þeim markmiðum sem skólastarfinu eru sett. Með því móti verður með markvissum hætti hægt að þróa starfið áfram á grundvelli þeirra upplýsinga sem aflað er með matinu. Gera þarf grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar verða við að meta starfið, leggja fram tímasetta áætlun um það hvaða starfsþættir skuli metnir, af hverjum og hvað skuli gert við matið. Stöðugt mat á starfinu stuðlar að því að bætt sé úr því sem miður fer og annað styrkt sem vel gengur.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að varpa ljósi á starfshætti í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði. Athyglinni var fyrst og fremst beint að því hvort starfsemin væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með viðtölum við leikskólastjóra, starfsmenn, foreldra og deildarstjóra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfinu á vettvangi og greindu skráð gögn um starfið.

Matið leiðir í ljós að margt er vel gert í Lyngholti. Meðal stærstu kostna leikskólans er sú áhersla sem lögð er á vellíðan barnanna og sjálfstæði. Meginsérstaða skólans er áhersla hans á umhverfið og náttúruna og skapandi útfærslur viðfangsefna. Helstu veikleika skólans má telja skort á fagmenntuðu starfsfólki, stjórnskipulagið og slæman aðbúnað starfsmanna.

Starfsmenn segjast leggja megináherslu á skapandi starf, umhverfið og náttúruna og að börnunum líði vel. Þeir segjast vilja skila af sér sjálfstæðum, sjálfbjarga börnum sem beri virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu. Allra þessara þátta gætir í starfseminni.

## Heimildaskrá

### ***Gögn frá Leikskólanum Lyngholti:***

*Að heilsast og kveðjast í skólabóp.* Tvö ljóð eftir nemendur í Lyngholti.

*Atferlismótun.* Þríblöðungur.

*Árspan* skólaárið 2003-2004.

*Fréttir frá Lyngholti í október* (til foreldra).

*Furuholt Þetta gerðum við í dag.*

*Ritmálsörvun í Lyngholti-Áhersluatriði.*

*Skólanámskrá Yfir holt og hæðir.* 4. útg. 2003.

*Starfsáætlun fyrir skólabóp 2003-2004.*

*Starfslýsing leikskólakennara 2002.*

*Starfsmannaupplýsingar.* Þríblöðungur.

*Starfsmannahald október 2003.* Yfirlit.

*Skrifleg gögn um leikskólann Lyngholt.* Tvíblöðungur.

*Stundaskrá Asparholts og Birkiholts 2003-2004.*

*Svona gerum við í Greniholti.*

*Vikuáætlanir fyrir Birkiholt, Furuholt og Greniholt,* sept.-okt. 2003.

### **Önnur skrifleg gögn sem stuðst var við:**

*Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

*Lög um leikskóla nr. 78/1994.*

*Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.*

*Starfslýsingar leikskólakennara 2002.*



*Fylgiskjöl*

**Viðtalsrammi að viðtali við leikskólastjóra Lyngholts á Reyðarfirði**

**A:**

1. Hvert er starfshlutfall leikskólastjóra og hver eru meginverkefni?
2. Hvað starfa margir við leikskólann (fjöldi og stöðugildi), hvernig eru stöðuhlutföllin? Hvernig skiptist fjöldi starfsmanna á deildunum?
3. Hvernig er starfsmannaveltan, eru tíðar breytingar?

**B:**

1. Hver skipuleggur uppeldisstarfið á deildunum?
2. Hvernig er starfið undirbúið? Hverjir koma að ákvörðunum?
3. Eru tekin starfsmannaviðtöl (hver, hvenær, hversu oft)?
4. Hvernig er samskiptum leikskólastjóra og starfsmanna háttað?
  - a. Hversu oft eru deildarstjórafundir haldnir?
  - b. Hversu oft eru deildarfundir haldnir?
5. Hvernig er samskiptum starfsmanna og foreldra háttað?
6. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar utan skólans og hvernig er samstarfi við þá háttað?

**C:**

Hverjir eru meginkostir leikskólastarfsins í leikskólanum? Og hverjir eru helstu veikleikararnir. t.d. hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Foreldrasamstarf
- Dagskipulag
- Heildarskipulag
- Uppeldisstarfið
- Dvalartíma barna, lengd og álagstíma
- Stjórnunarstíl og samstarf

## Rammi að viðtali við deildarstjóra Lyngholts á Reyðarfirði

1. Hvað fáið þið marga undirbúningstíma á viku?
2. Hversu oft haldið þið deildarfundir? Hvernig skipuleggið þið deildarfundir?
3. Hvernig skipuleggið þið uppeldis- og menntastarfið með börnunum?
4. Hvaða skipulagi er fylgt (innra starf og ytri rammi) með með yngri börnunum?
5. Hvernig eru markmiðin útfærð?
6. Hvernig er unnið með námssvið svo sem skapandi starf, náttúru og umhverfi og leikinn?
7. Hvernig er hópastarfið skipulagt? Hvað er í boði? Hvernig er vali barnanna háttað?
8. Hvernig nýtið þið hæfni samstarfsfólksins á deildinni?
9. Hvernig skipuleggið þið foreldrasamstarfið á deildinni?
10. Hvaða uppeldis- og menntunarbættir eru mikilvægastir á ykkar deild? Hvers vegna?
11. Hversu oft eru deildarstjórafundir og hvernig er venjuleg dagskrá þeirra?
12. Hvaða áhrif hefur dagskipulagið á uppeldis- og menntastarfið?
13. Hvaða árangri viltu helst ná með börnunum?
14. Hvernig fer aðlögun barnanna fram?
15. Hvernig er unnið með einstaklingsmun barnanna?